

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2001/101/EB

frá 26. nóvember 2001

um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/13/EB um samræmingu laga aðildarríkjanna um merkingu, kynningu og auglýsingu matvæla

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

tegundarinnar sem er notuð vera hluti af tilvísuninni í flokksheitið.

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 95. gr.,

- 6) Skilgreiningin gildir eingöngu um merkingu vara þar sem kjöt er innihaldsefni. Hún gildir því ekki um merkingu á kjötstykjum og hlutum af skrokkum sem eru seldir án frekari vinnslu.

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/13/EB frá 20. mars 2000 um samræmingu laga aðildarríkjanna um merkingu, kynningu og auglýsingu matvæla ⁽¹⁾, og einkum aðra málsgrein fyrsta undirliðar annarrar undirgreinar 6. mgr. 6. gr.,

- 7) Hugmyndir neytenda um kjötmarning eru mjög frábrugðnar hugmyndum þeirra um „kjöt“. Kjötmarningur skal því vera undanskilið gildissviði skilgreiningarinnar.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í tilskipun ráðsins 64/433/EBE frá 26. júní 1964 um vanda á sviði heilbrigðis dýra sem hefur áhrif á viðskipti innan bandalagsins með nýtt kjöt ⁽²⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 95/23/EB ⁽³⁾, er skilgreining á kjöti sem var samin í því skyni að tryggja hollustuhætti og verndun almannaheilbrigðis. Þessi skilgreining tekur til allra hluta dýrsins sem eru hæfir til manneldis. Samt sem áður samsvarar hún ekki hugmyndum neytenda um kjöt og veitir neytendum ekki upplýsingar um raunverulegt eðli vörunnar sem er auðkennd með heitinu „kjöt“.
- 2) Nokkur aðildarríki hafa samþykkt skilgreiningu á heitinu „kjöt“ til merkingar á vörum sem innihalda kjöt. Þó hefur munurinn á aðferðum aðildarríkjanna við það skapað vanda og haft skaðleg áhrif á starfsemi innri markaðarins og því er þörf á að samin verði samræmd skilgreining.
- 3) Í I. viðauka við tilskipun 2000/13/EB eru skilgreindir tilteknir flokkar innihaldsefna sem tilgreina má með heiti flokksins frekar en með tilteknu heiti innihaldsefnisins sem á að bæta við innihaldslýsinguna.
- 4) Flokkurinn „kjöt“ er ekki skilgreindur í þeim viðauka en það skapar vanda við framkvæmd tilskipunar 2000/13/EB, nánar tiltekið að því er varðar innihaldslýsingu og upplýsingar um magn innihaldsefna. Því er þörf á samræmdri skilgreiningu sem samsvarar flokksheitinu „... kjöt“ til að hægt sé að beita tilskipun 2000/13/EB.
- 5) Í ljósi þess að neytendur eiga rétt á skýrum og greinargóðum upplýsingum þannig að þeir geti valið hvað þeir borða og metið mun á söluverði skal heiti

- 8) Af þeim sökum ber að tilgreina það með sérheiti sínu, þ.e. „kjötmarningur“ og með heiti tegundarinnar, í samræmi við regluna í 6. mgr. 6. gr. tilskipunar 2000/13/EB. Þessi regla um merkingar gildir um vörur sem heyra undir skilgreiningu bandalagsins á „kjötmarningi“.
- 9) Aðrir hlutar dýrs, sem eru hæfir til manneldis en heyra ekki undir skilgreiningu á heitinu „kjöt“, skulu einnig tilgreindir að því er varðar merkingu með sérheiti sínu í samræmi við sömu meginregluna.
- 10) Til að ákvarða innihald kjöts í vörum á samræmdan hátt skal fastsetja hámarksmagn fitu og bandvefs í vörum sem tilgreina má með flokksheitinu „... kjöt“. Þetta leyfilega hámarksmagn gildir með fyrirvara um ákvæði um hakkað kjöt og unnar kjötvörur sem mælt er fyrir um í tilskipun ráðsins 94/65/EB frá 14. desember 1994 um kröfur varðandi framleiðslu og markaðssetningu á hökkuðu kjöti og unnum kjötvörum ⁽⁴⁾.
- 11) Ef farið er yfir þetta hámarksmagn en öllum öðrum skilyrðum fyrir skilgreiningu „kjöts“ er fullnægt skal aðlaga innihald „... kjöts“ að neðri mörkum og tilgreina skal í innihaldslýsingunni magn fitu og/eða bandvefs, til viðbótar við heitið „... kjöt“.
- 12) Einnig virðist nauðsynlegt að fastsetja samræmda aðferð til að ákvarða magn bandvefs.

⁽¹⁾ Stjútíð. EB L 109, 6.5.2000, bls. 29.⁽²⁾ Sérstök ensk útgáfa, 1963-64 (II), bls. 175.⁽³⁾ Stjútíð. EB L 243, 11.10.1995, bls. 7.⁽⁴⁾ Stjútíð. EB L 368, 31.12.1994, bls. 10.

13) Breyta ber ákvörðun 2000/13/EB til samræmis við það.

3. gr.

14) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvæli.

Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórn-sýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari fyrir 31. desember 2002 . Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum I. viðauka við tilskipun 2000/13/EBE er hér með breytt í samræmi við viðaukann við þessa tilskipun.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. gr.

4. gr.

1. Aðildarríkin skulu heimila viðskipti með afurðir sem eru í samræmi við ákvæði tilskipunar 2000/13/EB, eins og henni er breytt með þessari tilskipun, eigi síðar en 31. desember 2002.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

5. gr.

2. Aðildarríkin skulu banna viðskipti með afurðir sem eru í ósamræmi við ákvæði tilskipunar 2000/13/EB, eins og henni er breytt með þessari tilskipun, frá og með 1. janúar 2003.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 26. nóvember 2001.

Þó skal heimila vörur, sem uppfylla ekki kröfur tilskipunarinnar og sem voru merktar fyrir 1. janúar 2003, á meðan birgðir endast.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

David BYRNE

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

Eftirfarandi texti bætist við í I. viðauka við tilskipun 2000/13/EB:

Skilgreining

„Beinagrindarvöðvar (**) spendýra- og fuglategunda sem eru viðurkenndir hæfir til mannelis ásamt meðfylgjandi eða tengdum vefjum þar sem heildarmagn fitu og bandvefs fer ekki yfir gildin sem tilgreind eru hér að neðan og þar sem kjötið er innihaldsefni í öðrum matvælum. Vörur sem heyra undir skilgreiningu bandalagsins á „kjötmarningi“ eru undanskildar frá þessari skilgreiningu.

Hámarks magn fitu og bandvefs í innihaldsefnum sem eru tilgreind með heitinu „... kjöt“:

Tegundir	Fita (%)	Bandvefur ⁽¹⁾ (%)
Spendýr (nema kanínur og svín) og blanda af mismunandi tegundum þar sem stærsti hlutinn er spendýr	25	25
Svín	30	25
Fuglar og kanínur	15	10

⁽¹⁾ Magn bandvefs er reiknað út á grundvelli hlutfallsins á milli kollagenmagns og magn kjötpróteins. Magn kollagens táknað magn hýdroxýprólíns margfaldað með stuðlinum 8.

Ef farið er yfir þetta hámarks magn en öllum öðrum skilyrðum um skilgreiningu „kjöts“ er fullnægt skal aðlagða innihald „... kjöts“ að neðri mörkum og tilgreina skal í innihaldslýsingunni magn fitu og/eða bandvefs, til viðbótar við heitið „... kjöt“.

(*) Þegar um er að ræða merkingar á ensku má í stað þessa heitis koma almennt heiti innihaldsefnis dýrategundarinnar sem um er að ræða.

(**) Þind og kjálkavöðvar eru hluti af beinagrindarvöðvunum en hjarta, tunga, vöðvar í höfði (nema kjálkavöðvar), vöðvar í framfótarhné, hækli og aftasta hluta dýrsins eru undanskildir.